



Reykjavík 9. maí 2014

Niðurstaða athugunar á fjárfestingum Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga

Á fyrsta ársfjórðungi 2014 framkvæmdi Fjármálaeftirlitið athugun á því hvort fjárfestingar Lífeyrissjóðs hjúkrunarfræðinga væru í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarheimildir.

Niðurstöður athugunarinnar byggðu á skýrslum lífeyrissjóðsins um sundurliðun fjárfestinga miðað við stöðu þeirra þann 31. desember 2013 og öðrum gögnum sem aflað var og miðast við stöðuna á þeim tíma sem athugunin fór fram.

Að mati Fjármálaeftirlitsins voru fjárfestingar lífeyrissjóðsins á þeim tíma sem athugunin tók til í samræmi við gildandi lög og fjárfestingarheimildir lífeyrissjóða og því voru engar athugasemdir gerðar við fjárfestingar lífeyrissjóðsins.